

5. september 2016 kl: 17:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir og Ingunn Ósk Svavarsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Fjárhagsstaða félagsins.** Guðbjörg gerir grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins við upphaf skólaárs. Staðan nú er 288.963 kr. Eitthvað var um að bekkjarfulltrúar nýttu ekki þann styrk sem ætlaður er hverjum bekk til að halda viðburði síðasta skólaár. Nýir greiðsluseðlar fyrir félagsgjald verða sendir út á gjalddaga 1. október n.k. Gjaldið er 1.500 kr fyrir barn og 500 kr fyrir systkini. Foreldrum gefst kostur á að sleppa við bankagjaldöld og millifæra inn á reikning félagsins til 26. sept. Reikningsnr. 0565-26-774 kt. 550998-3359 nafn barns í skýringu.
2. **Fótboltar.** Ákveðið að styrkja skólann með kaupum á fótbolta fyrir hvern bekk í skólanum. Það er ósk foreldrafélagsins að kennarar og aðrir starfsmenn skólans verði duglegir að höfða til ábyrgðarkenndar nemenda hvað varðar umgengni með boltana.
3. **Skipað í stöður.** Formaður Foreldrafélags Giljaskóla er Ásrún Hersteinsdóttir. Gjaldkeri er Guðbjörg Björnsdóttir. Ritari er Berglind Bergvinsdóttir. Tengiliður skólans er Elín Eyjólfsdóttir. Fulltrúi foreldrafélagsins í skólaráði er Ingunn Ósk Svavarsdóttir. Umsjónarmaður bekkjarfulltrúa er Birna Baldursdóttir. Fulltrúar í Samtaka eru Guðbjörg og Ásrún.
4. **Fundur fyrir bekkjarfulltrúa.** Fundur fyrir bekkjarfulltrúa verður haldinn þriðjudaginn 20. september klukkan 20:00-20:30. Farið verður yfir hvað felst í hlutverki bekkjarfulltrúa, skipst á hugmyndum að viðburðum o.s.frv. Ákveðið er að hafa bekkjarviðburði vetrarins sameiginlega fyrir hvern árgang.
5. **Kynningarfundur vegna fyrirhugaðs foreldraröls um skólahverfin.** Kynningarfundurinn verður haldinn í Brekkuskóla fimmtudaginn 22. september klukkan 20:00. Fundurinn er ætlaður fyrir alla foreldra grunnskóla bæjarins og hvetjum við foreldra og forráðamenn nemenda í Giljaskóla til að fjölmenna og kynna sér þessa hugmynd um foreldrarölt í hverfum bæjarins börnum okkar til heilla.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 3. október klukkan 17:30.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir